

Reifun á úrskurði nr. 15/2015 – Höfnun á fríðindameðferð vöru frá Hong Kong

Kærandi flutti inn vöru sem send var frá Hong Kong. Kærandi taldi rétt að varan nyti fríðindameðferðar með vísan í fríverslunarsamning Íslands og Kína, enda væri varan frá Hong Kong, og Hong Kong hluti af Kína.

Niðurstaða: Tollstjóri benti kæranda við meðferð málsins á að ef varan væri framleidd í Hong Kong ætti fríverslunarsamningur EFTA og Hong Kong við um slíkar sendingar, en ekki fríverslunarsamningur Íslands og Kína. Var kæranda gefinn kostur á að skila viðeigandi upprunasönnun til embættisins. Kærandi gat ekki lagt fram slík gögn og var fríðindameðferð því hafnað.